

**ENDURRIT
ÚR DÓMABÓK
HÉRAÐSDÓMS REYKJAVÍKUR**

Málið nr. S-310/2017:

Ákærvaldið

(Anna Barbara Andradóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

C,

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

Matthíasi Elí Júlíussyni,

(Snorri Sturluson lögmaður)

A og

(Sigmundur Hannesson lögmaður)

B

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Dómur 19. janúar 2018

Árið 2018, föstudaginn 19. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-310/2017: Ákærvaldið gegn C, Matthíasi Elí Júlíussyni, A og B en málið var dómtekið samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dagsettri 23. apríl 2017, á hendur:

„C, kennitala [...],
[...], Garðabæ,

Matthías Elí Júlíussyni, kennitala [...],
[...], Reykjavík,

A, kt. [...],
[...], og

B, kennitala [...],
[...]

fyrir eftirtalin brot:

I.

A. Gegn ákærða C og B fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa staðið að innflutningi á 3.034,46 g af MDMA, ætluðu til sölu og dreifingar í ágóðaskyni hér á landi, en efnin voru flutt hingað til lands falin í sófa sem ákærði B keypti í bænum Oosterhout í Hollandi þann 6. júní 2015. C var í tölvupóstsamskiptum við hollenska flutningsmiðlun (TVG Ziemsen) varðandi sendingu á sófanum hingað til lands, og sendi afrit af vegabréfi nafngreinds aðila (sjá ákærulið I. kafla B.) til að ganga frá tollafgreiðslu sendingarinnar. Sófinn var síðan afhentur flutningsmiðlun í Hollandi þann 16. júní 2015 og kom hingað til lands þann 29. júní með flutningaskipinu Selfoss. Lögreglan fann og lagði hald á fíkniefnin í sófanum á vöruhótelu Eimskipa, Sundabakka 2 í Reykjavík, þann 30. júní 2015.

M. 007-2015-37701

Telst brot þetta varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974 og 32/2001.

B. Gegn ákærða Matthíasi Elí fyrir hlutdeild í stórfelldu fíkniefnalagabroti, sbr. I. kafla A., með því að hafa að beiðni ákærða C útvegað nafn til að skrá sem móttakanda ofangreindrar fíkniefnasendingar, gegn því að fá fellda niður skuld sína við hann. Ákærði Matthías Elí fékk nafngreindan aðila til að vera skráðan sem móttakandi sendingarinnar gegn greiðslu allt að einnar milljón króna, en Matthías fór með honum til að sækja um nýtt vegabréf sem ákærði C greiddi fyrir til að unnt væri að senda upplýsingar um móttakanda sendingarinnar til flutningsfyrirtækisins.

M. 007-2015-37701

Telst háttsemi þessi varða við 173. gr. a, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974 og 32/2001.

II.

Gegn ákærða C og A fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa haft í vörslum sínum 3.070,50 stykki af MDMA töflum og 23,99 g af MDMA, hvoru tveggja ætluðu til sölu og dreifingar í ágóðaskyni hér á landi, sem lögregla lagði hald á 30. júní 2015 í leikfangabíl í reiðhjólageymslu að [...] í Garðabæ, þar sem ákærði C bjó, og fyrir að hafa staðið að innflutningi á töflugerðarvél af gerðinni TDP-5, sem ákærðu fluttu til landsins í þeim tilgangi að framleiða í henni fíkniefni, en vélin kom hingað til lands þann 4. nóvember 2014 og var haldlögð í geymslu að [...], merkt [...], þann 7. júlí 2015, jafnframt fyrir að hafa staðið að framleiðslu á ofangreindum töflum í töflugerðarvél, og vörslur á 0,06 g af MDMA sem fundust við leit í geymslunni, en ákærði A var skráður leigjandi að geymslunni og ákærði C greiddi leiguna.

M. 007-2015-37701

Teljast brot þessi varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974 og 2. gr., sbr. 5. og 4. gr. a. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, allt sbr. 6. gr. laga nr. 10/1997.

III.

Gegn ákærða C fyrir eftirtalin brot:

1. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa föstudaginn 17. apríl 2015, að [...] í Garðabæ, haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni 5,95 g af MDMA, 0,23 g af kókaíni og 141 stykki af MDMA, sem lögregla fann við leit á heimili ákærða.

M. 007-2015-21037

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

2. Umferðarlagabrot og rangar sakargiftir, með því að hafa miðvikudaginn 13. maí 2015, ekið bifreiðinni [...], norður Reykjanesbraut við Fífuhvamsveg í Kópavogi, sviptur ökuréttindum og með því að hafa framvísað í blekkingarskygni ökuskírteini útgefnu á C, kt. [...] er lögregla stöðvaði akstur ákærða og þannig leitast við að koma því til leiðar að C yrði sakaður um refsiverðan verknað.

M. 007-2015-27744

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 82/1998.

3. Fíkniefnalagabrot, með því að hafa mánudaginn 26. september 2016, að [...] í Garðabæ, haft í vörslum sínum 0,77 g af kókaíni, sem lögreglan fann við leit.

M. 007-2016-56471

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Krafist er upptöku á samtals 3.065 g af MDMA, samtals 3.211,5 stykki af MDMA, 1 g af kókaíni, samtals 3.806,98 g af óskilgreindu efni, MDMA styrkleikatesti, TDP 5 töflugerdarvél, Apple Macbook Air fartölva (munur 412614), Acer fartölva (munur 413331), hvítum leðursófa, Iphone 6 sími (munur 412925) og samtals kr. 687.500, sem er ætlaður ágóði af sölu fíkniefna, en allt framangreint var lagt hald á við rannsókn á m. 007-2015-37701, 007-2015-21037 og 007-2016-56471, allt með vísan til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 og 69. gr. og 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 að því er varðar upptöku á peningunum.“

Verjandi ákærða C krefst sýknu af þeim hluta 2. töluliðar III. kafla ákæru er lýtur að broti gegn 148. gr. almennra hegningarlaga, en að öðru leyti er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsivist, ef dæmd verður, verði skilorðsbundin. Komi til óskilorðsbundinnar refsivistar er þess krafist að gæsluvarðhald ákærða komi

til frádráttar með fullri dagatölu. Krafist er sýknu af upptökukröfu fjármuna. Málsvarnarlauna er krafist að mati dómsins og að þau verði að hluta lögð á ríkissjóð.

Verjandi ákærða Matthíasar Elís krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og málsvarnarlauna að mati dómsins.

Verjandi ákærða A krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar og að refsivist, ef dæmd verður, verði skilorðsbundin. Þess er krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun samkvæmt tímaskýrslu, verði lögð á ríkissjóð.

Verjandi ákærða B krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Málsvarnarlauna er krafist samkvæmt framlagðri tímaskýrslu. Þá var gerð krafa um málsvarnarlaun fyrir Jóhann Karl Hermannsson héraðsdómslögmann sem vann fyrir ákærða undir rannsókn málsins.

Samkvæmt gögnum málsins má rekja upphaf rannsóknar til þess er lögreglan fann tæp 3.000 stykki af MDMA-töflum við húsleit í hjólageymslu að [...] í Garðabæ, en ákærði C var búsettur þar. Leiddi þetta til handtöku hans og er því lýst í gögnum málsins hvernig framvinda rannsóknarinnar var.

Nú verður rakinn framburður ákærðu og vitnisburður varðandi hvern ákærulið um sig og niðurstaða strax á eftir.

Ákæruliður I.A

Ákærði C jatar sök. Hann kvaðst hafa skipulagt fíkniefnainnflutninginn sem hér um ræðir. Hann lýsti því hvernig hugmynd hans um þetta þróaðist og breyttist uns hann ákvað að flytja fíkniefnin hingað til lands falin í sófa. Hann vísaði til gagna málsins og nefndi að hann hefði leitað ráða hjá meðákærða B, kunningja sínum, varðandi sófakaupin, þar sem B hafði verið búsettur í Hollandi. Hann lýsti samskiptunum við B vegna þessa og að hann hefði leitað upplýsinga hjá honum vegna innflutnings frá Evrópu, en ákærði kvaðst áður hafa flutt inn sófa frá Bandaríkjunum. Ákærði kvaðst einnig hafa leitað ráða um sófakaupin hjá tveimur vinkonum sínum. Í framhaldi af þessu var ákærði í sambandi við aðila í Hollandi en kaus að nafngreina hann ekki af ótta við að þess yrði hefnt. Þessi aðili hafi annast Hollandsþátt málsins, samskiptin við fyrirtækið sem seldi sófann eftir að ákærði hafði ákveðið sófakaupin, útvegað fíkniefnin, pakkað þeim og komið fyrir í sófanum. Hann hafi greitt þessum aðila í Hollandi eina fjárhæð fyrir sófann, fíkniefnin og allan kostnað, en ákærði mundi ekki fjárhæðina. Ákærði kvaðst ekki vita hvernig atburðarásin í Hollandi var eftir að hann sendi peningana út, þar sem ónafngreindi aðilinn sá um þann þátt málsins. Ákærði vissi ekki hver fór með sófann til TVG-Ziemen í Hollandi. Sófinn

hafi síðan verið fluttur hingað til lands og skráður móttakandi verið D, en efnið hafi verið haldlagt eins og lýst er í ákærinni.

Ákærði C kvað þátt meðákærða B í málinu engan. Hann hafi aðeins ráðfært sig við hann um sófakaupin og hvar væri hægt að fá sófa á góðu verði í Hollandi. Meðákærði hefði ekki komið nærri fíkniefnainnflutningnum og ekki vitað af honum. Ákærði var spurður út í samskipti við meðákærða B vegna innflutnings sófans. Hann skýrði gögnin m.a. með hliðsjón af því að ákærði hefði áður flutt sófa frá Bandaríkjunum og hann hefði spurt B hvort sams konar upplýsingar þyrfti vegna innflutnings frá Hollandi.

Meðal gagna málsins er skjal þar sem nafn E o.fl. kemur fram og var ákærði spurður um þann mann. Ákærði gat ekki skýrt skjalið öðruvísi en svo að hann hefði útbúið það við undirbúning sinn við fíkniefnainnflutninginn og vangaveltur sínar þar um. Hann kvaðst engin samskipti hafa haft við E á þessum tíma.

Fyrir liggja gögn í málinu sem sýna samskipti meðákærða B og E á þessum tíma. Ákærði kvaðst ekki vita til þess að þau samskipti tengdust málinu.

Fyrir liggur að kvittun fyrir sófakaupunum fannst í tölvu meðákærða B. Spurður um þetta kvað ákærði skýringuna þá að hann hefði sent meðákærða B kvittunina til að sýna honum að sófakaupin hefðu gengið og til að spyrja hvort ákærði hefði ekki gert góð kaup.

Ákærði B neitar sök. Hann kvað meðákærða C, kunningja sinn, hafa haft samband við sig vegna þess að ákærði þekkti til í Hollandi eftir að hafa búið þar um tíma. Ákærði kvaðst eftir það hafa bent meðákærða á tiltekna verslun í bænum Oosterhout og m.a. sent honum ábendingu um heimasíðu verslunarkeðjunnar í Hollandi. Meðákærði hafi síðan aftur haft samband við sig vegna erfiðleika við að hafa uppi á símanúmeri verslunarinnar og kvaðst ákærði hafa aðstoðað meðákærða við þetta, þótt það hefði gengið erfiðlega að hans sögn. Ákærði B kvaðst ekkert samband hafa haft við verslunina heldur aðeins afhent meðákærða upplýsingar um hana. Ákærði kvaðst aldrei hafa komið í verslunina og neitaði að hafa keypt sófann eins og honum er gefið að sök í ákærinni. Ákærði kvaðst síðan ekkert hafa vitað af málinu fyrr en hann var handtekinn á heimili sínu. Ákærði kvaðst enga vitneskju hafa haft um ætlan meðákærða að flytja hingað til lands fíkniefni falin í sófanum. Ákærði skýrði samskiptin við meðákærða er vörðuðu innflutning sófans m.a. með því að meðákærði hefði áður flutt inn sófa frá Bandaríkjunum og samskiptin um þetta hefðu snúist um reglur um innflutning frá Evrópu.

Meðal gagna málsins eru upplýsingar um að ákærði leitaði leiðarlýsingar frá Rosenthal til Oosterhout, þar sem sófinn var keyptur. Ákærði kvaðst staðkunnugur í Rosenthal og nágrenni og hann hafi verið að skoða leiðina til Oosterhout án þess að

ætla þangað. Hann hafi verið að staðsetja verslunina miðað við staðinn sem ákærði dvaldi á.

Samkvæmt gögnum málsins fór ákærði til Belgíu 5. júní 2015 en sama dag var hann staddur í Hollandi. Ákærði kvaðst hafa farið yfir til Hollands til að taka út peninga og til að ná sér í kannabisefni. Samkvæmt símagögnum um farsíma ákærða er hann í Belgíu 5. júní 2015 og í Hollandi 6. og 7. júní, uns hann fór aftur yfir til Belgíu. Ákærði kvað þessi gögn ekki sýna rétta staðsetningu sína, þar sem hann hafi verið staddur nærri landamærum Hollands og símsendar hvorum megin landamæra Hollands og Belgíu hafi getað numið merki frá farsíma hans, en ákærði kvaðst hafa dvalið í Belgíu mjög nærri landamærum Hollands. Ákærði mundi ekki hvort hann var staddur í Hollandi dagana 6. og 7. júní 2015. Fyrir dómi vísaði hann til þess að við skýrslutöku hjá lögreglu hafi hann vísað á síma sinn, þar sem sjá mætti staðsetningu sína nákvæmlega. Ákærði kvað forrit innbyggt í símann sem staðsetji nákvæmlega hvar hann sé og mun nákvæmar en þau gögn sem lögreglan hafði undir höndum. Hann hafi bent lögreglu á það að hann hafi verið með símann allan tímann og hann hafi gefið lögreglunni heimild til að skoða hann í þessu skyni.

Ákærði kvaðst hafa tekið út úr hraðbanka 700 evrur í tveimur færslum af tveimur greiðslukortum. Þetta hafi verið gert í tvennu lagi þar sem hann gat ekki tekið fjárhæðina út öðruvísi og vísaði hann í því sambandi til heimilda á greiðslukortunum.

Samkvæmt gögnum málsins er sófinn sem um ræðir greiddur í verslun um tveimur klukkustundum eftir að ákærði tók peningana út úr hraðbanka í Rosenthal. Ákærði kvaðst ekkert hafa haft með málið að gera og hann hafi ekki verið staddur í Hollandi er sófinn var afhentur flutningsmiðlun þar í landi til flutnings hingað til lands.

Ákærði B var spurður um kynni sín af E sem hann kvaðst hafa kynnst eftir búsetuna í Hollandi. Hann kvaðst hafa hitt E í ferðinni til Hollands í júní og E hafi sent sér mynd þá sem fannst í síma ákærða. Farið var yfir samskipti ákærða og E og ákærði skýrði þau og að þau tengdust ekki máli þessu.

Meðal gagna málsins er skjal sem fannst í tölvu ákærða B og sýnir kvittun fyrir sófanum sem um ræðir. Ákærði kvað meðákærða, óbeðinn, hafa sent sér kvittunina til að sýna að sófinn hefði verið keyptur.

Vitnið F lögreglumaður lýsti aðdraganda rannsóknar málsins eins og rakið var að framan, en fyrir tilviljun hafi lögreglan komist að því, eftir að hafa séð gögn í tölvu ákærða C, að sófinn sem um ræðir var á leiðinni hingað til lands. Vitnið kvað rannsóknina einnig hafa beinst að ákærða B vegna gagna sem fundust í tölvu C, m.a. Skype-samskipta ákærðu. Hann kvað rannsóknina hafa leitt í ljós að B hafi verið í Rosenthal þar sem sófinn var keyptur, auk þess sem í tölvu ákærða B voru gögn sem sýndu leit hans á netinu og leið frá Rosenthal að versluninni í bænum Oosterhout.

Vitnið kvað B hafa tekið út peninga í Rosenthal og um tveimur klukkustundum síðar hafi sófinn verið staðgreiddur, samkvæmt upplýsingum frá versluninni í Oosterhout. Þá lýsti vitnið því að í tölvu ákærða B hafi verið skjal sem reyndist vera greiðslukvittun vegna sófans. Vitnið vissi ekki hvernig skjalið barst í tölvu B. F skýrði símagögn sem hann kvað sýna að ákærði B hefði verið staddur í Belgíu 5. júní en að kvöldi sama dags hafi hann verið kominn til Hollands. Sófinn hafi verið keyptur 6. júní og hafi ákærði B farið aftur til Belgíu 7. júní. Vitnið kvað B ekki hafa viljað gefa upp nöfn fólks sem gætu staðfest dvalarstað hans í Belgíu. Nánar spurður um símagögn og það hvort ekki hafi komið til greina að fá hjá símafyrirtækjunum nákvæmari upplýsingar um staðsetningu símans sem um ræðir í málinu, einkum með vísan til þess að ákærði kvaðst hafa dvalið nærri landamærum Hollands og Belgíu og að sendar hvorum megin landamæruna sem var gætu hafa tengst farsíma ákærða. Vitnið kvað nánari upplýsinga um þetta ekki hafa verið aflað. Við yfirheyrslu hjá lögreglu vísaði ákærði B í síma sinn þar sem upplýsingar væri að finna um nákvæma staðsetningu, eins og rakið var. Vitnið mundi ekki hvort þetta var rannsakað. Samkvæmt gögnum málsins var send rannsóknarbeiðni til Hollands um að hollenska lögreglan gerði ráðstafanir til að fá upplýsingar úr öryggismyndavélum úr versluninni þar sem sófinn var keyptur. Vitnið kvað hafa komið í ljós að engar öryggismyndavélar hafi verið þar, en vitnið mundi ekki hvernig svör bárust um þetta. Í rannsóknarbeiðninni til Hollands var óskað eftir upplýsingum um það hver hefði sótt sófann í verslunina. Vitnið kvað engin svör hafa borist um þetta. Þá hafi ekki verið upplýst hver afhenti sófann hjá TVG-Ziemen til sendingar hingað til lands. Á greiðslukvittun vegna sófakaupanna er kaupandi sagður G og heimilisfang í Rotterdam nefnt. Spurður um það hvort heimilisfangið hafi verið kannað kvaðst vitnið ekki geta svarað því, þar sem hann hefði ekki verið í samskiptum við Hollendinga vegna þessa.

Vitnið H lögreglumaður lýsti því hvernig grunur beindist að ákærða B eftir að gögn um samskipti ákærðu fundust í tölvu C og vörðuðu m.a. sófakaupin í Hollandi. Þá hafi greiðslukvittun í tölvu B fundist, en þetta var sama kvittun og afhent var er sófinn var afhentur ytra til flutnings hingað til lands. H kvað tölvurannsóknardeild hafa rannsakað tölvu ákærða B. Samkvæmt gögnum þaðan segir að við rannsóknina hafi engar upplýsingar verið finnanlegar sem leitt gætu í ljós hvernig skjalið hafi verið búið til. Samkvæmt þessu eru tveir möguleikar, annars vegar hefur skjalið verið sent eða skannað, en vitnið kvað ekkert vera í gögnunum sem sýndi hvor leiðin var valin. Vitnið skýrði gögn sem sýna staðsetningu síma B og að hann hafi verið í Belgíu 5. júní en í Hollandi síðar sama dag og farið aftur til Belgíu 7. júní. Hann var spurður um tengingar síma við senda og hvort síminn hafi getað tengst sendum ýmist í Hollandi eða Belgíu ef ákærði var staddur nærri landamærunum. Vitnið gat ekki svarað þessu.

Hann kvað lögregluna ekki hafa leitað eftir upplýsingum um senda sem sími ákærða tengdist, í því skyni að fá nákvæmari upplýsingar um ferðir hans. H skýrði gögn sem sýndu peningaúttektir ákærða B í Rosenthal í Hollandi og að um tveimur klukkustundum síðar hafi sófinn verið greiddur með reiðufé. H kvað engar staðfestingar liggja fyrir um það að ákærði B hafi verið staddur í Oosterhout 6. júní 2015.

Vitnið I lögreglumaður lýsti vinnu við að afla upplýsinga frá fyrirtækinu sem seldi sófann og að reyna að fá upplýsingar um hver greiddi fyrir hann. Hann kvað hafa komið í ljós að engar eftirlitsmyndavélar væru í versluninni. Sófinn hafi verið staðgreiddur og afhentur á staðnum. Engar upplýsingar væru til um kaupanda, aðrar en þær sem fram koma á reikningnum. Hann kvað hafi verið leitað til lögreglunnar í Hollandi varðandi þessar upplýsingar en hann mundi ekki eftir neinum formlegum svörum þaðan, aðeins að ekkert hefði komið út úr því sem kanna átti.

Vitnið J lögreglumaður ritaði skýrslu um tölvurannsókn sem hann vann. Hann kvað skjal sem rannsakað var á skjáborði tölvu ákærða B og að engar upplýsingar hafi fundist sem sýndu hvernig skjalið barst í tölvuna, en um er að ræða kvittunina sem að framan greinir.

Vitnið K, verkefnisstjóri hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, skýrði og staðfesti matsgerðir sem unnar voru eftir rannsókn á haldlögðum fíkniefnum. Aðspurður kvað K gróflega áætlað hafa verið unnt að framleiða 24.000 MDMA-töflur úr 3 kg af efninu, af algengum styrk taflna sem rannsakaðar hafa verið hjá rannsóknastofunni.

Vitnið E kvað ákærða B kunningja sinn. Hann var spurður um sófann sem í þessum ákærulið greinir og kvaðst vitnið ekkert vita um hann. Vitnið var spurt um SMS-sendingar sem liggja frammi meðal gagna málsins og kvað hann þær varða sófa sem fluttur var í sumarhús á tjaldstæði og hafi ekkert með sófann í málinu að gera. Hann var spurður um mynd af vitninu sem fannst í farsíma ákærða B. Vitnið var spurt hvort hann hefði sent B myndina. Hann mundi ekki eftir þessu en kvað það hugsanlegt. Þeir B sendi hvor öðrum iðulega myndir á ýmsan hátt. Hann var spurður um einstök samskipti þeirra ákærða B sem liggja fyrir í málinu frá þessum tíma. Hann kvað þá B oft hafa samband. Þetta væri því ekkert sérstaklega minnisstætt. Hann staðfesti að lögreglan í Hollandi hefði rætt við sig og sýnt sér mynd af manni sem talinn var hafa afhent sófann hjá TVG- Zimsen í Rotterdam. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð þann mann.

Niðurstaða I.A

Sannað er með skýlausri játningu ákærða C fyrir dómi og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um háttsemina sem í þessum ákæruliðum greinir.

Ákærði B neitar sök. Eins og rakið hefur verið liggur hvorki fyrir vitnisburður né framburður meðákærða um að ákærði B hafi átt hlut að máli þessu. Ekkert liggur fyrir um að ákærði B hafi keypt sófann í bænum Oosterhout í Hollandi 6. júní 2015 og engar staðfestingar liggja fyrir um að hann hafi verið staddur þar á þeim tíma sem sófinn var keyptur. Engu verður slegið föstu um aðkomu ákærða B út frá öðrum gögnum sem rakin hafa verið og þau duga ekki til sakfellingar hans, gegn eindreginni neitun. Er samkvæmt þessu ósannað að ákærði B hafi gerst sekur um háttsemina sem í þessum ákærulið greinir og ber að sýkna hann.

Ákæruliður I.B

Ákærði Matthías Elí neitar sök. Hann kvaðst hafa skuldað C eina milljón króna vegna fíkniefna sem dróst að greiða. Hann kvað þá C hafa verið búna að ræða í um eitt ár að gera eitthvað sem ákærði C hefði planað og tengdist því að sækja eitthvað í skip eins og ákærði bar. Síðan kom sá tími að C sagði „það er að fara að gerast“ og spurði ákærða hvort hann vildi ekki losna við skuldina sem um var rætt. Ákærði kvaðst hafa viljað það og sagðist C þá hafa samband við hann innan nokkurra daga, sem hann gerði. Fram hafi komið hjá C það sem gera átti tengdist skipi. Er C hafði samband og spurði ákærða um nafn sem nota mætti sem móttakanda sendingar bauðst ákærði til að vera skráður móttakandi en C hafi sagt að það kæmi ekki til greina. Hann þyrfti annað nafn strax. Ákærði kvaðst hafa orðið fyrir miklum þrýstingi og hafi hann gefið upp nafn góðs vinar síns í leyfisleysi og hugsunarleysi og séð mikið eftir því. Ákærði kvaðst hafa farið með þessum vini sínum til að sækja vegabréf sem C greiddi fyrir, eins og lýst er í ákærunni. Ákærði kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því að sendingin sem koma átti til landsins hefði m.a. að geyma fíkniefni. Spurður um það hvað hann hafi haldið að sendingin innihéldi kvaðst hann ekki hafa vitað það. C hefði aðeins talað um sendingu, án nánari útskýringar. Ákærði kvaðst þannig hafa verið í mikilli óvissu um þetta. Hann kvað sér hafa liðið eins og C væri að redda ákærða, sem væri óhultur sem og vinur hans hvers nafn hann gaf upp. Hann kvaðst ekki hafa hugsað út í það hvað hann hefði verið „vel kærulaus“ eins og ákærði orðaði það. Hann hefði ekki átt að treysta þessu án þess að kanna hvað væri í gangi. Hann kvað hafa hvarflað að sér að eitthvað ólöglegt væri að koma til landsins.

Ákærði C kvaðst hafa haft samband við ákærða Matthías Elí og beðið hann um að útvega aðila sem yrði skráður móttakandi sófans sem fíkniefnin voru falin í. Hann kvaðst ekki viss um hvort hann sagði Matthíasi hvað væri í sófanum og kvaðst hafa viljað að Matthías vissi sem minnst. Hann mundi ekki eftir því að Matthías hefði spurt hvað væri í sendingunni. Þá hafi komið upp nafn D sem var skráður móttakandi sófans. Matthías hafi átt að fá lækkun einnar milljónar króna fíkniefnaskuldar sem hann stóð í við ákærða.

Vitnið D kvað ákærða Matthías Elí, kunningja sinn, hafa spurt sig að því, í júní 2015 og fyrr, hvort hann væri fánlegur til að sækja pakka „niður á bryggju“ fyrir Matthías og annan mann. Vitnið kvaðst hafa hafnað þessu. Matthías hafi rætt þetta aftur og síðar er vitnið enn neitaði þessari bón, en Matthías hafi stöðugt lofað honum hærri greiðslum ef hann tæki erindið að sér. Fyrst átti hann að fá 500 þúsund krónur, síðan 700 þúsund krónur og síðan 700 þúsund krónur auk hluta sendingarinnar sem Matthías hefði greint vitninu frá að innihéldi fíkniefni. Vitnið kvaðst ávallt hafa hafnað þessu. Vitnið kvaðst síðan í hugsunarleysi hafa látið ákærða Matthíasi í té mynd af vegabréfi sínu og hafi Matthías sent C skjalið og eftir það stílað nafn vitnisins sem móttakanda sendingarinnar sem um ræðir.

Niðurstaða ákæruliðar I.B

Ákærði Matthías Elí hvað hafa hvarflað að sér að eitthvað ólöglegt væri áferðinni. Vitnið D kvað ákærða hafa greint sér frá því að sendingin sem um ræðir í þessum ákærulið innihéldi fíkniefni. Dómurinn telur sannað með því sem nú hefur verið rakið að ákærði vissi að von væri á fíkniefnum til landsins. Er samkvæmt þessu sannað að hluta með framburði ákærða, en gegn neitun hans að hluta, og með stoð í vitnisburði D og öðrum gögnum málsins að ákærði hafi gerst sekur um háttsemina sem í þessum ákærulið greinir þó að ósannað sé að hann hafi lofað skráðum móttakanda hærri fjárhæð en 700 þúsund krónum.

Ákæruliður II

Ákærði C jatar sök nema að hafa staðið að framleiðslu á töflum sem lýst er í ákærinni. Ákærði C kvaðst hafa fundið fyrirtæki í Bretlandi sem framleiddi og seldi töflugerðarvélur. Hann hafi í framhaldinu ráðfært sig við meðákærða A um það hvort ekki væri góð hugmynd að framleiða brennslutöflur eða fæðubótaefni og selja hér á landi. Þeir hafi flutt vélina til landsins og verið að brasa við að fá hana til að virka, en gengið hafi á ýmsu varðandi það. Meðákærði A hafi verið skráður fyrir geymslunni þar sem vélin var geymd en ákærði hefði greitt fyrir eins og lýst er í ákærinni. Vélina hafi síðan verið flutt á annan stað er hún var notuð. Hann kvað MDMA-töflurnar sem í þessum ákærulið greinir hafa verið framleiddar í vélinni en meðákærði A hafi ekki vitað af því og ekki verið viðstaddur er ákærði útbjó töflurnar. Ákærði kvaðst þannig telja að hann hafi ekki framleitt fíkniefni heldur hafi efni verið pressað í töflur og lýsti hann þessu nánar. Ákærði hafi haft fíkniefnin sem um ræðir í vörslum sínum en meðákærði A ekki vitað af þeim.

Ákærði A neitar sök. Ákærði kvað meðákærða C hafa haft samband við sig á árinu 2014 og spurt hvað hann væri að gera en þeir hafi þekkt ágætlega og haft samband í nokkurn tíma fram að þessu. C hafi sagst vera með hugmynd um að búa til

fæðubótaefni eða brennslutöflur. Ákærði kvaðst hafa hugsað málið. Honum hafi virst þetta spennandi og til hafi staðið að flytja inn vél og efni vegna þessa. Töflugerðarvél hafi komið til landsins fyrir áramótin 2014-2015 og ákærðu þá strax tekið við að koma henni í stand. Ákærði A kvaðst hafa greitt hluta kostnaðar vegna vélarinnar, sem kostaði um 500.000 krónur eftir því sem C sagði. Erfiðlega gekk með vélina og lýsti hann þessu. Ákærði kvað vélina ekki hafa verið flutta til landsins í þeim tilgangi að framleiða í henni fíkniefni og hann hafi ekki vitað að það stæði til. Hann hafi ekki vitað til þess að vél hafi verið notuð til að framleiða fíkniefni og hann hafi því ekki komið að framleiðslu MDMA-taflnanna í vélinni. Þá kvaðst ákærði ekki hafa haft fíkniefnin sem um ræðir í sínum vörslum. Ákærði kvað hins vegar réttan þann hluta þessa ákæruliðar að ákærði hafi verið skráður leigjandi geymslu undir vélina og ákærði C greitt leiguna. Ákærði kvað að aðeins hefði verið unnin undirbúningsvinna við gerð fæðubótaefnisins er ákærði C var handtekinn. Hinn 15. maí 2015 var vélin sótt í geymslu og skilað aftur 18. s.m. samkvæmt gögnum málsins. Ákærði kvaðst hafa farið með vélina heim til meðákærða C, til að reyna að fá hana til að virka. Þá hafi verið notuð bindiefni í vélina, en engin fíkniefni hafi verið á staðnum. Hann kvað þetta hafa gengið illa og fór ákærði heim eftir það. Ákærði kvaðst hafa dvalið við þetta eitt kvöld og ekki komið aftur að vélinni í þetta sinn, en flutt hana aftur í geymslu 18. maí.

Við haldlagningu vélarinnar var á henni litarefni og MDMA-efni fannst á henni. Ákærði A kvaðst ekkert hafa veitt þessu athygli er vélinni var skilað en litarefni hafi oft verið á vélinni eftir tilraunir með litaðar brennslutöflur sem reynt var að framleiða í henni.

Vitnið F lögreglumaður lýsti því hvað leiddi til þess að lögreglan komst á snöðir um geymsluna sem um ræðir í þessum ákærulið. Ákærði A hafi komið í rannsóknina þar sem hann var skráður leigjandi geymslunnar sem C greiddi fyrir. Vitnið kvað hafa verið lagt hald á fíkniefnin sem í þessum ákærulið greinir, en MDMA-töflurnar hafi verið gulleitar og á vélinni hafi verið gular efnisleifar samsvarandi fíkniefnunum sem lagt var hald á. Vitnið kvað símagögn sýna að ákærði A var á heimili C fram á kvöld 15. maí 2015, daginn sem vél hafi verið sótt úr geymslunni. A hafi greint frá því hjá lögreglu að hann hafi verið þar í tvær til þrjár klukkustundir, en þá gefist upp vegna þess hversu brösuglega gekk með vélina en hann neitaði að hafa komið að framleiðslu fíkniefna. Vitnið mundi ekki eftir neinu sérstöku sem komið hefði fram undir rannsókn málsins sem benti til þess að A hafi vitað um MDMA-töflurnar sem fundust á heimili ákærða C.

Vitnið H lögreglumaður kvað ákærða A hafa leigt geymsluna þar sem vél hafi verið geymd og hafi hann verið viðstaddur er vél hafi verið sótt þangað. Hann mundi ekki hvort eitthvað hefði komið fram sem tengdi ákærða A við MDMA-töflurnar.

Vitnið L kvaðst hafa flutt töflugerðarvélinu að beiðni C. Hann hefði aldrei verið viðstaddur er vélin var notuð eða prófuð. Hjá lögreglu var hann spurður út í vitneskju sína. Hann kvaðst aldrei hafa komið að framleiðslu fíkniefna, en hann hefði vitað hvað væri í gangi. Spurður um þetta fyrir dóminum kvaðst vitnið hafa haft grun um hvað væri í gangi. Nánar spurður um þetta kvað hann sig hafa grunað að eitthvað hefði verið í gangi, en ekki beint að vélin væri ætluð til framleiðslu fíkniefna. Í lögregluskýrslunni kemur fram að hann hafi áttað sig á því til hvers vélin væri notuð og talið hana vera til að búa til E-pillur. Hann hafi hvorki rætt þetta við C né A. Fyrir dóminum skýrði vitnið þetta nánar og að hann hefði dregið þessa ályktun þar sem hann hefði flutt vélinu og stuttu síðar séð tilteknar MDMA-töflur á heimili ákærða C. Vitnið kvað báða ákærðu hafa verið með í för er hann aðstoðaði við að flytja vélinu og í eitt skipti hafi ákærðu rætt saman um einhverjar formúlur, eins og vitnið bar, og að rætt hafi verið um framleiðslu á koffínbrennslutöflum. Fyrir liggja upplýsingar um samskipti ákærða C og vitnisins frá þessum tíma, þar sem vitnið spyr ákærða C um fíkniefni og C vísar vitninu á mann sem hann kallaði [...]. Vitnið kvað þetta ekki eiga við um ákærða A og skýrði hver maðurinn væri.

Vitnið M lögreglumaður lýsti för lögreglu að heimili C, handtöku hans og því þegar lögreglan fann tölvu á heimilinu og gögn í tölvunni sem sýndu sendingu sem væntanleg var til landsins með TVG- Zimsen. Þá var skjal í tölvunni sem hann lýsti og skýrði, en á skjalinu voru upplýsingar um nöfn sem koma fram í tölvusamskiptum varðandi málið.

Vitnið N tollvörður staðfesti og skýrði gögn sem hann ritaði um afhendingu sendinga sem komu til landsins og varða þennan ákærulið, m.a. vélinu sem um ræðir.

Niðurstaða ákæruliðar II

Sannað er með skýlausri játningu ákærða C fyrir dómi og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um háttsemina sem í þessum ákæruliðum greinir en ákærði bar fyrir dóminum um að hafa einn staðið að því að framleiða MDMA töflurnar í vélinni.

Ákærði A neitar sök. Enginn vitnisburður liggur fyrir um að hann hafi tekið þátt í fíkniefnabrotinu eða að hann hafi haft fíkniefnin sem um ræðir í vörslum sínum. Þvert á móti hefur ákærði C borið að ákærði A hafi hvorki vitað af fíkniefnunum né komið að meðhöndlun þeirra. Engin gögn hrekja þennan framburð ákærðu sem er trúverðugur. Er samkvæmt þessu, og með neitun ákærða A, ósannað að hann hafi gerst sekur um háttsemina sem í þessum ákærulið greinir og ber að sýkna hann.

Ákæruliðir III.1 og III.3

Sannað er með skýlausri játningu ákærða fyrir dómi og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um háttsemina sem í þessum ákæruliðum greinir. Skírskotað er til ákærunnar um lýsingu málavaxta.

Ákæruliður III.2

Ákærði C játar að hafa ekið sviptur ökurétti. Hann hafi framvísað ökuskírteini útgefnu á C er lögregla stöðvaði aksturinn, en hann hafi hins vegar leiðrétt það við komu á lögreglustöð.

Vitnið O lögreglumaður stöðvaði bifreið ákærða 13. maí 2015. Hann kvað ákærða hafa framvísað ökuskírteini sem tilheyrði öðrum einstaklingi en mjög fljótlega leiðrétt það. Þá hafi ákærði vitað að lögreglan vissi á honum deili og hann hafi því ekki getað villt á sér heimildir gagnvart lögreglunni.

Niðurstaða ákæruliðar III.2

Ákærði neitar að hafa gerst sekur um rangar sakargiftir en játar umferðarlagabrotið samkvæmt þessum ákærulið. Ákærði leiðrétti strax hver hann væri eins og vitnið O bar um fyrir dóminum. O greindi einnig frá því að ákærði hefði ekki getað villt á sér heimildir vegna þess að lögreglan vissi á honum deili. Þá liggur ekkert fyrir um það hvort C, hvers ökuskírteini ákærði framvísaði í upphafi, hafi verið sviptur ökurétti.

Samkvæmt þessu þykir rétt sakfella ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 148. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Þá er ákærði sakfelldur fyrir umferðarlagabrotið.

Brot ákærðu eru í öllum tilvikum rétt færð til refsíákvæða í ákærinni en vísa ber til 20. gr. almennra hegningarlaga varðandi síðasta ákæruliðinn eins og rakið var.

Ákærði C hefur frá árinu 2007 hlotið þrjá refsídóma fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot. Síðasti dómurinn er sektardómur frá árinu 2014 fyrir fíkniefnalagarot. Ákærði C hlaut hinn 13. mars 2014, 8 mánaða fangelsisdóm fyrir fíkniefnalagabrot og voru 5 mánuðir af refsingunni skilorðsbundnir í 3 ár. Með brotum sínum nú hefur ákærði rofið skilorð þessa dóms og er hann dæmdur upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá er við refsíákvörðun tekið mið af því að ákærði hefur játað brot sín greiðlega. Að þessu virtu þykir refsing ákærða C hæfilega ákvörðuð fangelsi í 5 ár. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal draga frá refsivist ákærða C með fullri dagatölu gæsluvarðhald sem hann sætti vegna málsins.

Ákærði Matthías Elí hlaut hinn 15. apríl 2015, 60 daga skilorðbundið fangelsi fyrir líkamsárás og umferðar- og fíkniefnalagabrot. Skilorðsdómurinn er nú dæmdur

upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Refsing hans þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi í 10 mánuði. Vegna tímans sem liðinn er frá brotinu og málavaxta að öðru leyti þykir eftir atvikum rétt að skilorðsbinda refsingu ákærða Matthíasar Elís svo sem í dómsorði greinir. Komi til afplánunar refsivistar ákærða Matthíasar Elís skal draga frá henni gæsluvarðhald sem hann sætti með fullri dagatölu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði C sæti upptöku á 687.500 krónum sem er ætlaður ágóði af sölu fíkniefna. Er vegna upptökukröfunnar m.a. vísað í 1. mgr. 69. gr. b almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. b almennra hegningarlaga er heimilt að gera upptæk verðmæti sem tilheyra einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og getur varðað fangelsi allt að sex árum. Ákærði C hefur gerst sekur um brot sem uppfylla þessi lagaskilyrði og er hann dæmdur til að þola upptöku á 687.500 krónum.

Með vísan til tilvitnaðra lagaákvæða í ákæru eru fíkniefni og munir sem í ákæru greinir dæmdir upptækir svo sem nánar greinir í dómsorði.

Ákærðu C og Matthías Elí greiði óskipt 1.114.245 króna útlagðan sakarkostnað ákæruvaldsins.

Ákærði C greiði 5.164.600 króna málsvarnarlaun Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns.

Ákærði Matthías Elí greiði 1.054.000 króna málsvarnarlaun Snorra Sturlusonar lögmanns og 748.340 króna málsvarnarlaun Einars Huga Bjarnasonar lögmanns skipaðs verjanda ákærða undir rannsókn málsins og 14.500 krónur í aksturskostnað.

Ríkissjóður greiði 2.318.800 króna málsvarnarlaun Sigmundar Hannessonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða A, 4.268.700 króna málsvarnarlaun Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða B og 34.800 krónur í aksturskostnað og 764.150 króna málsvarnarlaun Jóhanns Karls Hermannssonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða B undir rannsókn málsins og 14.384 krónur í aksturskostnað.

Anna Barbara Andradóttir aðstoðarsaksóknari flutti málið fyrir ákæruvaldið.

Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærðu A og B eru sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði, C, sæti fangelsi í 5 ár. Frá refsivist hans skal draga frá með fullri dagatölu gæsluvarðhald sem hann sætti vegna málsins.

Ákærði, Matthías Elí Júlíusson, sæti fangelsi í 10 mánuði en fresta skal fullnustu refsingar hans skilorðsbundið í 2 ár frá birtingu dómsins að telja og falli refsing hans niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til afplánunar refsivistar

ákærða Matthíasar Elís skal draga frá henni gæsluvarðhald sem hann sætti vegna málsins.

Upptæk eru dæmd 3.065 g af MDMA, samtals 3.211,5 stykki af MDMA, 1 g af kókaíni, samtals 3.806,98 g af óskilgreindu efni, MDMA styrkleikatesti, TDP 5 töflugerðarvél, Apple Macbook Air fartölva (munur 412614), Acer fartölva (munur 413331), hvítur leðursófi, Iphone 6 sími (munur 412925) og 687.500 krónur.

Ákærðu C og Matthías Elí greiði óskipt 1.114.245 króna útlagðan sakarkostnað ákæruvaldsins.

Ákærði C greiði 5.164.600 króna málsvarnarlaun Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns.

Ákærði Matthías Elí greiði 1.054.000 króna málsvarnarlaun Snorra Sturlusonar lögmanns og 748.340 króna málsvarnarlaun Einars Huga Bjarnasonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða undir rannsókn málsins og 14.500 krónur í aksturskostnað.

Ríkissjóður greiði 2.318.800 króna málsvarnarlaun Sigmundar Hannessonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða A, 4.268.700 króna málsvarnarlaun Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða B og 34.800 krónur í aksturskostnað og 764.150 króna málsvarnarlaun Jóhanns Karls Hermannssonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða B undir rannsókn málsins og 14.384 krónur í aksturskostnað.

Guðjón St. Marteinson